

Máttugar meyjar sem stjórnðu „föðurveldum“

Söguskilningur kvenfrelsara tekur mið af grundvallarkennisetningu fræðaformóður þeirra, Elizabeth Cady Stanton (1815-1902), sem meitluð er í eftirfarandi orð: „Karlinn er þrunginn tortímingu; harðneskjulegur [og] sjálfselskur. Hann unnir stríði, ofbeldi [og] sigurveiningi, miklast af sjálfum sér og leggur að fótum sér. Eins og í hinum veraldlega heimi sáir hann í siðferðið ósætti, glundroða, sjúkdómum og dauða.“

Svokallað feðraveldi er vettvangur karlkúgarans. Hugtakið er heimasíð kvenfrelsaranna. Í samfélagsfræðunum lýsir það einkum, hvernig fyrirkomulagi arfs er háttað, þ.e. frá föður til elsta sonar. Þá var dætrum venjulega greiddur heimanmundur. Hann mátti skilja sem fyrirframgreiðslu á arfi. Slíkt fyrirkomulag átti ekki við um syni. Þetta gat átt við um tignararf einnig, þ.e. beina, kerfislæga drottun, þegar um ríkisvald var að ræða. Drottning tók við af sáluðum konungi, væri ríkisarfi barnungur, systur eftir atvikum. Hugtakið er engu að síður laust í reipunum og lítt fallið til skilnings á samfélögum, rétt eins og hugtakið um mæðraveldi.

Kvendrottningar eru vel þekkir í sögu mannkyns og ekki kunnir að því að hafa drottnað með öðrum hætti en karlar. Skoðum í hnotskurn sögu þeirra fram að landnámi.

Merneith (f. 3020? F.Kr.) var fyrsta, merka drottning Egypta. En í Egyptalandi hinu forna má telja víst, að nokkrir faróar (pharaoh) hafi verið konur. Merneith var ógnarvoldug eins og greftrun hennar ber með sér. Hún hafði með sér 118 þjóna á ferðalaginu yfir móðuna miklu.

Sobekneferu (d. 1802 f.Kr.) stjórnaði Egyptalandi sem faró, eftir andlát bróður síns, Amenemhat IV. Hún ríkti um fjögurra ára skeið, frá 1806-1802 fyrir Krist.

Trúlega er þó Hatshepsut (1503/7-1458?) nafntoguðust kvendrottinara í Egyptalandi (nafn hennar þýðir þá, sem fremst er göfugra kvenna). Hún ríkti um það bil frá 1478 til 1458 fyrir Krist. Hatshepsut ríkti lengur en nokkur önnur kona af egypsku bergi brotin og fræðimenn telja hana meðal ágætustu faróa Egypta og fyrsta kvenstórmenni sögunnar, sem einnig var krýnd sem konungur. Hún hélt því fram, að faðir hennar hafi ætlað henni að ríkja til jafns við eiginmann sinn, Thutmose III. Hatshepsut var herská og leiddi heri sína til landvinninga.

Neferneferuaten Nefertiti (1370? – 1330?), ríkti ásamt manni sínum, faró Akhenaton, en gæti hafa haft stjórn ríkisins með höndum meira og minna á tímabilinu 1370-1330 – allavega sem meðstjórnandi og trúlega faró, eftir dauða hans. Þau hjón voru m.a. kunn af því að innleiða eingyðistrú, trúna á sólguðinn. Varðveist hefur merkileg höggmynd, brjóstmynd af Nefertiti. Hún var hugsanlega tilbeðin sem frjósemisgyðja.

Fu Hao (d. 1200 f. Kr.), ein drottninga Wu Ding, sem ríkti í Kína um 1200 f. Kr. Wu Ding þessi átti hvorki meira né minna, en 64 eiginkonur, sem margar hverjar voru af fjandsamlegu þjóðerni. Fu Hao var meiri háttar kona, ástkona, herforingi og trúarleiðtogi, allt í senn. Mikilvægi hennar og virðingu má skilja af greftrun hennar. Hún hafði með sér í gröfina vopn, alls konar skartgrip og sextán þjóna.

Makeda eða drottningin af Sheba (ýmist talin í Eþópíu eða Arabíu) eins og hún oftast er nefnd, ríkti á tíundu öld fyrir Krist. Makeda nam stjórnkænsku hjá Salómoni (ríkti í Júdeu

961-922) og snérist til Gyðingtrúar. Sheba launaði Salómoni vel. Sagan hermir, að þegar drottningin var orðin vínhreif, hafi Salómon lokkað hana til samræðis við sig. Þeim fæddist sonurinn, Menilek.

Shammuramat/Seriamis (um 800 f.Kr.) var fyrsti kvenkynsdrottari eða drottning heimsveldis, sem sögur fara af. Drottning réði yfir þjóð hinna fornu Assýríumanna á ofanverðri níundu öld og öndverðri þeirrar áttundu fyrir Krist. Hún tók við stjórnartaumunum, eftir að eiginmaður hennar og konungur, Shamshi-Adad V, lést. Sá ríkti yfir assýríska heimsveldinu 824-811 og hún eftir lát konungs, uns sonurinn tók við. Það fer af henni fjölmörgum sögum, t.d. af hermennsku hennar, karlafari og fjöllyndi. Sumir telja hana fyrsta hafa gelt karlmann. Talið er, að hún hafi ríkt í fimm ár eða svo, þar til sonur hennar tók við. Minningarsteinn var reistur henni til heiðurs.

Tomyris (f. um 500 f.Kr.) varð, að eiginmanni sínum látnum, drottning Massagetæ bandalagsins í Scythia, í Mið-Asíu. Hún vann glæsilegan hernaðarsigur á Persum. Konungur Persa, Cyrus, var drepinn um 530 fyrir Krist. Sagan segir, að Tomyris hafi gert hann höfðinu styttri og troðið höfði hans í skinnsekk fylltum mannablóði. Hún barðist við hlið sonar síns.

Eurydice (335? – 285?), dóttir Antipater, eins hershöfðingja Alexanders mikla og drottara Makedóníu, var ein fjögurra drottninga Ptolemusar I (Ptholemy I). Hún var sögð hafa leitt her málaliða. Smám saman komu brestir í hjónbandið og Eurydice flutti frá hirðinni. Hún gifti upp á sjálfðæmi eina dætra sinna.

Kleópatra VII (69-30) er trúlega þekktust egypskra drottninga. Hún var drottari Egyptalands ýmist í sjálfrar sín rétti eða ásamt með eiginmanni/bróður. Kleópatra átti ættir að rekja til faróa af kyni Makedóníumanna, en Alexander mikli lagði Egyptaland undir sig 323 fyrir Krist. Kleópatra sagði sig vera gyðju, endurholdgun Írisar. Hún er sögð hafa viljað fólki sínu vel og lærði meira að segja tungumál þess, fyrstur drottara hinna grísku fyrir menn, er stjórnað höfðu Egyptalandi síðan á tímum Alexanders mikla (á.a.g. 300 f.Kr.) Frægust mun Klópetra þó hafa verið fyrir fegurð sína og kvendrottunarklókindi (e.woman power). Bæði Sesar og landi hans, Markús Antóníus, féllu kylliflatir fyrir henni og hleyptu með því í uppnám eigin hjónaböndum, síðum og venjum hins rómverska samfélags. Þannig skópu þeir afdrifaríkar hræringar í valdakerfi hins rómverska heimsveldis. Klópatra er oft talin hin dæmigerða „femme fatal“ eða örlagagyðja karlmannsins, er beitir kyntöfrum sínum og gerir hann sér auðsveipan og leiðir á vit skapara síns.

Valeria Messalina (17/20-48), var stórættuð, þriðja eignkona Kládíusar (Claudius) keisara Rómaveldis. Hún ku hafa verið íðilfögur og lauslát, m.a. reynt að taka fósturföður sinn á löpp. Hann hafnaði fósturdóttur sinni hins vegar og varð að gjalda fyrir með lífi sínu. Margar sögur hafa spunnist um vergirni hennar og ósvífni gagnvart eiginmanninum, sem virðist hafa verið grunnhygginn og umburðarlyndur í hennar garð, enda þótt móðir hans hefði líkt syninum við skrímsli, líklega vegna útlitsins. Keisarahjónin eignuðust tvö börn.

Valeria beitti alls kyns bolabrögðum til að skuggi félli ekki á hana. Svo er að sjá, að hún hafi stjórnað eiginmanni sínum að vild. Líkur eru til, að Valeria hafi átt snaran þátt í aftöku 25 þingmanna og þrjú hundruð annarra fórnarlamba. Hún er einnig talin hafa bruggað keisara

sínum launráð. Herforingi nokkur skipaði svo fyrir, að Valeria skyldi tekin af lífi, eftir að hún giftist starfsbróður hans.

Agrippina yngri (15-59) yngri, var stórættuð bróðurdóttir Kládíusar, sem varð fyrir valinu, þegar hann svipaðist um eftir nýrri eiginkonu, eftir aftöku Valeriu Messalínu. Orðrómurinn sagði, að hún hefði fyrirkomið eigenmanni númer tvö. Sonur hennar var Nero, bróðir hennar Caligula. Hann er talið hafa misnotað systur sínar kynferðislega. Agrippina er kunn að harðýðgi, grimmd, yfirlæti og voðaverkum, m.a. að hafa bruggað bróður sínum launráð. Nero lét taka móður sína af lífi.

Boudica/Boudicca/Boadicea/Buddug/Baadicea (d. 60/61), var drottning Kelta eða Breta, af Icení ættkvíslinni, sem eftir lát eigenmannsins leiddi uppreisn gegn setuliði Rómverja, lagði m.a. Lundúnir í rúst.

Himiko (170? – 248) var einvaldur, drottning Japana, sem ríkti á svokölluðu Yayoi tímabili frá um 300 f.Kr. til þrjú hundruð e.Kr. En það einkenndi menningu þeirra að velja sér konur til forystu. Himiko var þeirra kunnust. Mælt er, að hún hafi komist til vanda og metorða í kjölfar ófriðar í ríkinu um langt skeið. Hún bjó í höllu sinni og bjó við þjónustu eitt þúsund kvenna og vernd eitt hundrað karlhermanna. Talið er, að drottning þessi hafi falið bróður sínum ytra stjórnumarvafstur að mestu leyti, en sjálf séð um dýrkun guðanna.

Septimia Zenobia (240-275) var drottning í borginni, Palmýru, nýlendu Rómverja með sama nafni, miðstöð konungsríkis (sem varð að stórveldi) í Sýrlandi. Hún er þjóðhetja þar um slóðir nú. Hún bauð Rómverska heimsveldinu birginn. Zenobia stjórnaði í umboði sonar síns.

Zenobia lagði undir sig Egyptaland, Anatólíu (hluta Tyrklands), Líbanon og rómversku hluta Júdeu. Hún var borin ofurliði af hersveitum Árelíusar (Aurelius) keisara. Zenobia var talin umburðarlyndur drottnari, stuðningsmaður mennta og lista. Sjálf var hún vel menntuð að hætti heldri stéttar sinnar og tíðar. Heimspekingurinn, Longinus (213-273) var kennari hennar og ráðgjafi. Hún var fyrirmynd Katrínar miklu.

Theodora (497-548?) lagði fyrir sig leiklist og vændi, eignaðist dóttur, en varð svo keisaraynja Byzantine heimsveldisins um tveggja áratuga skeið, gift Justinian I. keisara. Karl var eins og strengjabrúða í höndum hennar, öflugasta ráðgjafa síns. Þeódóra stjórnaði löggjöf og utanríkismálum, barði uppreisnir niður af hörku, setti lög gegn mansali og auðveldaði skilnað. Vændishús bannaði Þeódóra einnig og stofnaði klaustur, þar sem fyrrum vændiskonur fengu athvarf og atvinnu.

Klóthildur (Clotild 475-545) var drottning Franka eða Frakka, skörungur mikill og snéri karli sínum, Klóvis (Clovis), sem var konungur Franka 481-511, til kristinnar trúar. Hún gerðist umsvifamikil við uppbyggingu stofnanna trúarinnar. Kristni var þá orðin ríkistrú í rómverska heimsveldinu. Eiginkonur frankverskra konunga létu almennt að sér kveða. “Frankverskar drottningar höfðu oft og tíðum áhrif á gang mála, því þær lögðu lóð á vogarskálarnar, þegar fjármunum var ráðstafað, og stundum voru þær í raun yfirvald, meðan synir þeirra uxu úr grasi.” (J. McKay, J. og fl.)

Amalasantha (498-535) ríkti sem drottning Austurgota um átta ára skeið, í fyrstu á vegum sonar síns, sem lést ungur. Amalasantha var dóttir Peódóriks (Theodoric) hins mikla, sem lagði undir sig Ítalíu með aðstoð frá Austur-rómverska ríkinu eða Byzantium. Hún féll í ónáð hjá keisara og eigin aðli, sem réð henni bana.

Brunhilda/Brunhilde (545?-613) af Austrasia var dóttir konungs Vísigota. Hún giftist Sigebert fyrsta, drottnara hins frakkneska konungsríkis, Austrasia. Systir Brunhildu giftist öðru stórmenni, hálfbróður Sigeberts, en henni voru brugguð launráð, líflátin. Brunhilda hét því að hefna systur sinnar. Hún komst um hríð til valda í skjóli langömmudrengsins, Sigebert annars, en var svikin í tryggðum og líflátin þannig, að tættir voru af henni útlímirnir

Fredegund (550?-597?) af Neustria, Frakklandi, vann sig upp frá því að vera þjónustustúlka og ástkona til að verða drottning og meðstjórnandi konungs. Hún er kunn að grimmd og launmorðum. M.a. taldi hún karl sinn á að drepa aðra eiginkonu sína, en sú var systir Brúnhildar af Austrasíu. Þær elduðu grátt silfur.

Suiko (554-628), drottnari Japans í tæp fjórtíu ár, sá fyrsti, sem skráður er í sögunni, en munnmæli segja frá fleirum í fyrndinni. Hún ríkti með frænda sínum. Suiko var hliðholl Búddatrú og kínverskri menningu og ruddi brautina fyrir hvort tveggja.

Seondeok (595?-647), drottning í Silla, Kóreu, tók við völdum af föður sínum, fyrsti kveneinvaldur í sögu Kóreu. Hún stóð að menntun og framförum í landi sínu, sameinaði m.a. þrjú kóreönsku ríkin. Hún var Búddatrúar.

Wu Zetian (624-705) eða Wu Zhao, var einasta keisaraynja Kínaverja, sem beitti sér fyrir endurbótum á viðskiptum og menntun. Hún fór með hernaði á hendur grönnum sínum – reyndar alla leið til Mið-Asíu – og lagði lönd þeirra undir sig. Wu var kunn að grimmd, sveifst einskis til að vernda völd sín. Wu átti föður, sem hvatti hana til bóklestrar og mennta. Sjálf var hún skáld. Wu var formælandi Búddatrúar. Wu átti fjóra sonu.

Irene/Eirene (752-803) af Aþenu, drottning Býzanska ríkisins, eiginkona Leós IV. Írena er grunuð um að hafa byrjað honum eitur árið 780. Sonurinn, Konstantín var þá níu ára. Móðir hans fór með völdin. Svo fór, að hún lét blinda soninn, sem virðist hafa verið ámóta grimmur og hún.

Aethelflaed (870?-918) eða Aðalfríður var dóttir Alfreðs mikla, giftist Aethelred eða Aðalráði, konungi í Mercia. Þegar hann féll í orrustu við Dani, var Aðalfríður titluð Hefðarfrú af Mersíu. Aðalfríður leiddi heri sína til atlögu við Dani og svo fór, að hún kúgaði þá til hlýðni. Faðir hennar hafði skipað hana hershöfðingja. Dóttir Aðalfríðar, Aelfwyn, var gerð að meðstjórnanda með móður sinni, en eftir lát hennar lagði Edward eða Eðvarður, föðurbróðir Aelfwyn, Mersíu undir sig.

Olga (890? – 969) af Rússlandi eða konungsdóttir Helga frá Kænugarði, sem átti trúlega ættir að rekja til Væringja eða víkinga, ríkti í umboði sonar síns. Hún giftist Igor I, syni Rúriks, stofnanda Kænugarðsríkis. Ásamt með sonarsyni sínum, Valdimari I, er hún talin hafa innleitt kristni í hið rússneska ríki. Helga var grimmynd og hefndi grimmilega morðsins á eiginmanni sínum. Hún var gerð að dýrlingi.

Það fer vart milli mála, að konur hafi einnig stjórnað „föðurveldunum.“

Þýðingar eru höfundar.